

## **Reglugerð um fræðslu- og útbreiðslunefnd Príþrautarsambands Íslands**

### **1.gr.**

#### **Skipun**

Fraðslu- og útbreiðslunefnd PRÍ starfar samkvæmt lögum PRÍ um fraðslumál og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga og reglna. Fraðslu- og útbreiðslunefnd skal skipuð a.m.k. þrem einstaklingum. Formaður nefndar er kosinn af þingi PRÍ í samræmi við lög sambandsins og skal nefndin skipta með sér verkum.

### **2. gr.**

#### **Fundir**

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Heimilt er að halda fundi í gegnum fjarfundarbúnað. Formaður nefndar annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem send er til nefndarmanna og stjórnar PRÍ. Erindi til nefndarinnar skulu vera skrifleg og berast formanni eða skrifstofu PRÍ sem tekur þau til afgreiðslu.

### **3. gr.**

#### **Hlutverk og verkefni**

Fraðslu- og útbreiðslunefnd PRÍ hefur umsjón með stefnumótun í fraðslumálum og námskeiðahaldi innan íþróttahreyfingarinnar. Nefndin er stjórn PRÍ til ráðgjafar varðandi útbreiðslumál í samvinnu við aðrar nefndir PRÍ og starfsmenn sambandsins. Nefndin vinnur að eflingu þríþrautar fyrir börn og ungmenni og er ráðgefandi um verkefni, æfingar og keppni, sem henta hverju þroskastigi. Nefndin annast upplýsingamiðlun og almannatengsl.

Helstu verkefni fraðslu- og útbreiðslunefndar eru eftirfarandi:

1. Að hafa umsjón með menntun þríþrautaþjálfara.
2. Að halda skrá yfir alla þá sem hafa lokið þjálfaramenntun hér á landi eða erlendis.
3. Að annast endurmenntun þjálfara.
4. Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi.
5. Að afla og miðla upplýsingum um þjálfun og námskeið hér á landi sem og erlendis.
6. Að vera umræðuvettvangur um framfarir og þróun á íslenskri þríþraut.

### **4. gr.**

#### **Önnur störf**

Fraðslu- og útbreiðslunefnd skal annast sérhvert það verkefni sem stjórn PRÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

### **5. gr.**

#### **Ágreiningsmál**

Stjórn PRÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

### **6. gr.**

#### **Gildistaka**

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt af stjórn PRÍ 26. nóvember 2023